

## Persónuverndarstefna Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Reykjalundur veitir sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar og starfar á grundvelli og í samræmi við lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Reykjalundur hlítir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem tóku gildi þann 15. júlí 2018.

### Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarstefnu þessari eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og til dæmis nafn, kennitölu, netauðkenni eða eins eða fleiri þátta sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

### Um hverja vinnur Reykjalundur persónuupplýsingar

Reykjalundur vinnur persónuupplýsingar um sjúklinga, aðstandendur, starfsfólk, nema og viðskiptavini. Þá eru vistaðar upplýsingar varðandi einstaklinga sem eiga í samskiptum við Reykjalund og ýmsa tengiliði lögaðila.

Öll vinnsla persónuupplýsinga er í samræmi við þá persónuverndarlöggjöf sem gildandi er hverju sinni. Vinnslan fer ávallt fram í skýrum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og þá skal þess gætt að upplýsingarnar séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

### Hvaða persónuupplýsingar vinnur Reykjalundur og af hverju

Reykjalundur vinnur upplýsingar um ofangreinda flokka einstaklinga, bæði almennar og viðkvæmar. Aðeins er safnað upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi hverju sinni og ræðst það af eðli sambandsins sem er á milli Reykjalundar og einstaklingsins sem um ræðir hvaða upplýsingar það eru.

Reykjalundur vinnur persónuupplýsingar til þess að geta sinnt þeirri lögbundnu þjónustu sem honum ber að veita og til að uppfylla þær skyldur sem á honum hvíla lögum samkvæmt. Veiting heilbrigðisþjónustu ber þar hæst og er vinnsla heilbrigðisupplýsinga um sjúklinga því afar umfangsmikil. Persónuupplýsingum er einnig safnað á grundvelli samningssambanda, m.a. við starfsfólk, nema eða verktaka, sem og í öryggis- og eignavörsluskyni.

### Hvaðan koma þær upplýsingar sem Reykjalundur vinnur með?

Að meginstefnu til koma upplýsingar sem Reykjalundur vinnur með frá einstaklingum sjálfum. Í einhverjum tilvikum koma upplýsingarnar þó frá þriðja aðila. Sem dæmi má nefna heilbrigðisyfirvöld, lækna, skattayfirvöld, stéttarfélög, lífeyrissjóði, aðstandendur o.fl.

Reykjalundur nýtir aldrei persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem þeim var aflað fyrir.

### Hverjir hafa aðgang að persónuupplýsingum sem Reykjalundur vinnur með?

Viðeigandi starfsmenn og stjórnendur Reykjalundar hafa aðgang að þeim gögnum sem safnað er um skráða einstaklinga.

Vinnsluaðilar Reykjalundar hafa einnig aðgang að ákveðnum gögnum, það geta verið upplýsingatæknifyrirtæki, lyfjaþjónustur, bókhaldsþjónustur o.fl. Gerður er sérstakur

vinnslusamningur við vinnsluaðila til að tryggja að vinnsluaðili uppfylli skilyrði persónuverndarlaga til vinnslu persónuupplýsinga. Í einstaka tilvikum geta verið gerðir samningar við aðila sem bera sameiginlega ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga.

Enn fremur er Reykjalundi skylt að miðla tilteknum upplýsingum til ríkisstofnana, svo sem embætti landlæknis, færni- og heilsumatsnefnda, Sjúkratrygginga Íslands, Ríkisskattstjóra o.fl.

Loks getur miðlun farið fram á grundvelli upplýsts samþykkis þess einstaklings sem á í hlut.

### Réttur hins skráða

Skráðir einstaklingar eiga rétt á að vita hvaða upplýsingar eru skráðar um þá hjá Reykjalundi og á grundvelli sérstakrar beiðni að fá aðgang að þeim. Þeir eiga einnig rétt á að láta leiðrétta rangar upplýsingar og takmarka vinnslu þeirra. Í einstaka tilvikum er heimilt að eyða persónuupplýsingum. Byggist vinnsla persónuupplýsinga á samþykki hins skráða er ávallt hægt að afturkalla það.

### Trúnaður

Á Reykjalundi er lögð rík áhersla á að trúnaðar gagnavart persónu- og heilbrigðisupplýsingum sé gætt á öllum tímum. Allt starfsfólk Reykjalundar er bundið þagnareid og hefur þannig skuldbundið sig til þess að gæta fyllsta trúnaðar. Brot gegn trúnaði og þagnarskyldu eru tekin mjög alvarlega og geta varðað við lög.

### Varðveislutími

Um varðveislu sjúkraskrárgagna fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár og um bókhaldsgögn í samræmi við lög og reglur um færslu bókhalds og varðveislu þess.

Öðrum persónuupplýsingum er eytt eða þær gerðar ópersónugreinanlegar um leið og ekki er lengur þörf á persónuupplýsingum vegna tilgangs vinnslunnar.

### Öryggi

Reykjalundur stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og þagnarskyldu. Vinnsla upplýsinga og tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir eru í samræmi við [upplýsingaöryggisstefnu Reykjalundar](#).

### Ábyrgð og eftirlit

Reykjalundur endurhæfing ehf. er skilgreindur ábyrgðaraðili upplýsinga sem varðveittar eru hjá félaginu og ber forstjóri ábyrgð á allri meðferð og vinnslu upplýsinganna.

Fyrirspurnum, beiðnum og kvörtunum tengdum persónuverndarstefnu þessari skal beint til persónuverndarfulltrúa Reykjalundar á netfangið [personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is)

### Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi er endurskoðuð reglulega og kann að vera uppfærð eða taka breytingum í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna breytts verklags um vinnslu persónuupplýsinga innan Reykjalundar.

## Vinnsla persónuupplýsinga

### Sjúklingar

*Upplýsingar um sjúklinga geta verið á pappírformi eða á rafrænu formi og er það seinna mun algengara. Þær upplýsingar sem Reykjalundur safnar um sjúklinga ná yfir:*

- Lýðfræðilegar og persónuupplýsingar (svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, heilsugæslulæknir o.s.frv.)
- Nákvæma sögu um samskipti við Reykjalund (s.s. komur og innlagnir)
- Skrár og athugasemdir um heilsufar, meðferðir og þá hjúkrun sem sjúklingur hefur fengið
- Niðurstöður rannsókna (s.s. myndgreiningarrannsókna, sneiðmynda og blóðrannsókna)
- Viðeigandi upplýsingar frá aðstandendum, umönnunaraðilum eða þeim sem þekkja sjúkling vel (s.s. heimahjúkrun, félagsþjónusta og aðstandendur)
- Rafræna vöktun skv. reglum um rafræna vöktun á Reykjalundi

Sjúkraskrá er safn upplýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við greiningu, meðferð og eftirlit á Reykjalundi eða fengnar eru annars staðar frá, vegna meðferðar hans á Reykjalundi. Allar upplýsingar um sjúkling eru skráðar þar.

Sjúkraskrárupplýsingar eru skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á Reykjalundi skrá í sjúkraskrá í samræmi við lög um sjúkraskrár (nr. 55/2009) og hafa aðgang að upplýsingum þar samkvæmt reglum Reykjalundar um aðgangsheimildir starfsmanna.

### Starfsmenn

*Upplýsingar um starfsmenn geta verið á pappírformi eða á rafrænu formi og er það seinna mun algengara. Þær upplýsingar sem við söfnum um starfsmenn ná yfir:*

- Lýðfræðilegar og persónuupplýsingar (svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, o.s.frv.)
- Starfssögu á Reykjalundi
- Launakjör
- Bankaupplýsingar
- Stéttarfélagsaðild
- Vinnuskil, viðveru og fjarvistir
- Menntun og starfsþróun
- Rafræna vöktun skv. reglum Reykjalundar um rafræna vöktun

### Umsækjendur

*Upplýsingar um umsækjendur geta verið á pappírformi eða á rafrænu formi og er það seinna mun algengara. Þær upplýsingar sem við söfnum um umsækjendur um störf ná yfir:*

- Lýðfræðilegar og persónuupplýsingar (svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, o.s.frv.)
- Ferilskrá og kynningarbréf
- Prófskírteini
- Meðmæli
- Niðurstöður úr atvinnuviðtali, stigagjöf

- Hæfnismat

*Viðbótarupplýsingar sem þeir sem hefja störf hjá Reykjalundi þurfa að afhenda eru:*

- Bankaupplýsingar
- Stéttarfélagsaðild

## Nemar

*Upplýsingar um nema geta verið á pappírformi eða á rafrænu formi og er það seinna mun algengara. Þær upplýsingar sem við söfnum um nema ná yfir:*

- Lýðfræðilegar og persónuupplýsingar (svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, o.s.frv.)
- Menntunarstig
- Frammistöðumat
- Staðsetningu nema á deildum og viðveru

## Aðstandendur, viðskiptavinir og aðrir

Við skráum tengiliðaupplýsingar s.s. nafn, heimilisfang og símanúmer og í ákveðnum tilvikum kennitölu um aðstandendur og enn fremur bankaupplýsingar um viðskiptavini Reykjalundar.

## Vafrakökur

Reykjalundur notar vafrakökur\* á vef sínum til vefmælinga m.a. til að telja heimsóknir. Við hverja komu inn á vefinn eru nokkur atriði skráð, svo sem tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir og fleira. Engum frekari upplýsingum er safnað og ekki er gerð tilraun til að tengja slíkar upplýsingar við aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.

*\*Vafrakökur eða „cookies“ er sérstök skrá sem komið er fyrir á tölvu notanda sem heimsækir viðkomandi vef og geymir upplýsingar um heimsóknina.*

## Gestanet Reykjalundar (WIFI)

Reykjalundur skráir netnotkun þeirra sem tengjast þráðlausu gestaneti samkvæmt þeim skilmálum sem notandi undirgengst við innskráningu. Þegar aðilar nýta sér gestanet Reykjalundar getur verið að Reykjalundur safni persónulegum upplýsingum um notendur s.s. nafni, símanúmeri og kennitölu ásamt upplýsingum um tækið s.s. IP-tölu.

## Miðlun persónuupplýsinga

Reykjalundur miðlar ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila nema á grundvelli lagaskyldu, samningsákvæða eða með samþykki hins skráða.

## Öryggi og eftirlit

Sérhver starfsmaður Reykjalundar ber að gæta trúnaðar og tryggja að farið sé með persónuupplýsingar á öruggan hátt. Skrifa allir starfsmenn undir trúnaðar- og þagnareid auk þess sem þagnarskylda hvílir á heilbrigðisstarfsmönnum samkvæmt lögum.

Þær persónuupplýsingar sem Reykjalundar geymir eru varðar með ströngum reglum og ferlum bæði þegar kemur að upplýsingum á pappír eða í rafrænu formi. Á þetta einnig við um utanaðkomandi vinnsluaðila Reykjalundar sem koma að afmörkuðum verkefnum fyrir Reykjalund. Hér gæti verið um að ræða tæknivinnu vegna rafrænna upplýsingakerfa eða tímabundin úrvinnsluverkefni. Hvort heldur er þer Reykjalundur ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt hjá vinnsluaðila við meðhöndlun upplýsinga.

### Þinn réttur

- Þú hefur rétt á því að vera upplýst(ur) um það hvernig unnið er með upplýsingar um þig.
- Þú hefur rétt á friðhelgi og trúnaði og vissu um að Reykjalundur tryggi öryggi þinna trúnaðarupplýsinga.
- Þú hefur rétt á því að mótmæla notkun eða deilingu þinna trúnaðargagna umfram það sem snýr að þinni meðferð og umönnun; að mótmæli þín séu tekið til greina; og ef ekki er hægt að verða við þínum óskum, að gefa þér gild svör, þar með talið lagalegan rökstuðning fyrir því.
- Þú hefur rétt til að leiðréttingar séu gerðar á þeim gögnum sem við geymum um þig ef einhverjar staðreyndarvillur fyrirfinnast. Það er skylda okkar að tryggja að þær upplýsingar sem við geymum um þig séu ætíð réttar og uppfærðar.
- Hvort sem þú ert sjúklingsur, starfsmaður eða nemandi á Reykjalundi hefur þú rétt á aðgangi að þínum persónuupplýsingum. Sjá nánar hvernig hægt er að nálgast upplýsingar hér fyrir neðan.

### Hvernig þú getur nálgast sjúkraskrána þína.

Samkvæmt lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár hefur þú, eða umboðsmaður þinn, rétt á aðgangi að þinni sjúkraskrá eða að fá afhent afrit af henni óskir þú þess, í heild eða að hluta og til að fá útskýringar á hverju því sem þú hugsanlega skilur ekki. Undir vissum kringumstæðum, gæti þér verið meinaður aðgangur að hluta upplýsinga, t.d. ef talið er að slíkt gæti á einhvern hátt leitt til heilsufarsskaða fyrir þig eða ef það brýtur trúnað við þriðja aðila. Ef beiðni er synjað er það réttur þinn að bera synjun um aðgang að sjúkraskrá undir embætti landlæknis. [Sjá nánar á vefsíðu landlæknisembættisins.](#)

Ef óskað er upplýsinga úr sjúkraskrá skal fylla út þar til gerða beiðni um [upplýsingar úr sjúkraskrá.](#)

### Hvernig þú getur nálgast ráðningar- og starfsbandsupplýsingar um þig.

Þú hefur rétt á því að fá afhent afrit af þeim skráum sem Reykjalundur heldur um þitt starfssamband. Ef óskað er upplýsinga um ráðningarferli eða starfssamband skal fylla út þar til gerða beiðni um [upplýsingar/aðgang að persónuupplýsingum.](#)

### Samskipti og persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Reykjalundar er Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir með netfangið [personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is)

Persónuverndarfulltrúi er óháður og sjálfstæður í störfum sínum og hefur eftirlit með því að öll meðferð persónuupplýsinga í tengslum við starfsemi og rekstur spítalans sé í samræmi við lög um persónuvernd.

Fyrirspurnum og öðrum athugasemdum er varða persónuupplýsingar eða persónuvernd skal beint til persónuverndarfulltrúa í gegnum netfangið [personuvernd@samtok.is](mailto:personuvernd@samtok.is).